

Fundargerð

166. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn **6. október 2009 kl. 16:30** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi Elísabetar Jónsdóttur.
2. Erindi Guðmundar Þorbergssonar og Margrétar G. Hannibalsdóttur.
3. Erindi frá Sveitarstjóra Húnaþings vestra.
4. Bréf Guðmundar Erlendssonar.

Afgreiðslur:

1. Elísabet Jónsdóttir kt.251055-2039 sækir um byggingarleyfi fyrir sumarhús á lóð nr.42, lnr.193297 í Hvolslandi í Vesturhópi skv. m.f. teikningu nr.100 dags. 06.09.2009 frá Stefáni Árnasyni kt.020346-4269 Byggingafræðingi. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn og að staðsetning hússins sé samkvæmt greinargerð fyrir deiliskipulag í landi Hvals í Vesturhópi.
2. Guðmundur Þorbergsson kt.310549-3479 og Margrét G. Hannibalsdóttir kt.250152-3969 sækja um stofnun lóðar úr landi Neðri-Núps lnr.144089 skv. m.f. uppdrætti dags. ágúst 2009 frá Loftmyndum ehf. Ráðið gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar.
- 3a. Sveitarstjóri f.h. Byggðaráðs Húnaþings vestra óskar umsagnar um bréf lögmannna eigenda Syðri-Þverár lnr. 144566 í Húnaþingi vestra þar sem óskað er staðfestingar sveitarstjórnar á landskiptum jarðarinnar. Ráðið gerir ekki athugasemd við landskiptin.
- 3b. Sveitarstjóri f.h. Byggðaráðs Húnaþings vestra óskar umsagnar um tillögu frá Oddi Sigurðarsyni að auglýsingu um umferð í Húnaþingi vestra. Erindinu frestað. Forstöðumaður tæknideildar upplýsti að von er á sérfræðingi frá Umferðarráði á næstunni til þess að fara yfir umferðaröryggismál í Húnaþingi vestra.
- 3c. Lagt fram til kynningar bréf og fundargerð Samvinnunefndar um svæðisskipulag í Austur-Húnavatnssýslu. Um er að ræða kynningu á breytingum svæðisskipulags í Austur-Húnavatnssýslu.
4. Bréf Guðmundar Erlendssonar kt.260454-3749 varðandi umferð á Hvammstanga kynnt og rætt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl: 18:30.

Guðmundur St. Sigurðsson(sign).

Jóhannes Erlendsson(sign).

Erla Björg Kristinsdóttir(sign).

Víglundur Gunnþórsson(sign).

Halldór Sigfússon(sign.).

Ólafur H. Stefánsson forstöðumaður tæknideildar(sign).

Benjamín Kristinsson byggingafulltrúi(sign).

Pétur Arnarson slökkviliðsstjóri(sign).